

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

180. fundur haldinn fimmtudaginn 18. nóvember 2021.

Pátttakendur: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:00 og fundargerðir 177. 178. og 179. funda lagðar fram og samþykktar.

2. Skýrsla kirkjugarðaráðs um hönnun og kostnað við byggingu og rekstur nýrrar bálstofu á Íslandi.

Ákveðið var að kirkjugarðaráð myndi senda bréf og þrjú eintök af skýrslunni og óska eftir fundi með ráðuneytinu. Í kjölfarið yrði öðrum ráðherrum sent bréf og skýrslan. Þórsteini Ragnarssyni og Guðmundi Rafni Sigurðssyni falið að gera uppkast að bréfi til samþykktar fyrir ráðið áður en það verður sent. Kirkjugarðaráð samþykkti að endurskoða fjárhagsáætlun kirkjugarðasjóðs vegna ársins 2021. Ákveðið að leggja allt að 4 milljónir króna í gerð skýrslunnar og útreikning varðandi byggingu og rekstur nýrrar bálstofu á Íslandi.

3. Fyrirspurn varðandi DNA sýnatök úr ómerktri gröf.

Erindi hefur borist frá danska sendiráðuneytinu varðandi fyrirspurn frá færeyskri konu sem telur að afi hennar hafi verið jarðaður í ómerktri gröf í kirkjugarðinum á Kálfafelli. Hana langar að vita hvernig hún snýr sér í því að fá að taka DNA sýni úr gröfinni. Ragnhildi Benediktsdóttir formanni falið að skoða málið og svara erindinu.

4. Næsti fundur.

Verður haldinn stuttur Zoom- fundur 16. desember 2021.

5. Önnur mál.

Engin

Fundi slitið kl. 14:05.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari